

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
 Austurstræti 8 - 10
 150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021

UST202104-205/H.G.

04.05

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana - 712. mál

Vísad er til bréfs dags. 15. apríl sl. þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana., 712. mál.

Frumvarpið felur í sér tillögu að nýjum heildarlögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana auk tiltekinna breytinga á öðrum lögum, þ.e. skipulagslögum, nr. 123/2010, lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013. Meginmarkmið frumvarpsins er að auka skilvirkni í málsmæðferð og tryggja sem best aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila að ferlinu í samræmi við markmið Áróssasamningsins. Með aukinn skýrleika að leiðarljósi er með frumvarpinu lagt til að lög um mat á umhverfisáhrifum og lög um umhverfismat áætlana verði sameinuð í eina löggjöf. Einnig er leitast við að bæta framsetningu laganna og gera þau skýrari, m.a. með því að færa hluta þeirra í reglugerð.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur veitt umsögn um málið á fyrrri stigum í Samráðsgátt sjá mál nr. 30/2021 (UST202102-058) og nr. 243/2020 (UST202011-115).

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Umhverfisstofnun vill gera og ítreka eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Í 30. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um málskot þar sem lagt er til að ákvarðanir leyfisveitenda um veitingu leyfis til framkvæmda eru kæranlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að ákvarðanir Umhverfisstofnunar um veitingu leyfa til framkvæmda á friðlýstum svæðum eru kæranlegar til ráðherra en ekki til úrskurðarnefndarinnar, skv. 91. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Almennt er mælt fyrir um í lögum um veitingu framkvæmdaleyfa hver kærheimildin er og því óþarfí að mati stofnunarinnar að tilgreina sérstaklega kærheimild ákvarðana leyfisveitanda um veitingu leyfis til framkvæmda.

Í 38. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á öðrum lögum. Umhverfisstofnun telur það vera til bóta að bætt var við að breyta þurfí lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd þannig að í stað orðsins „frummattskýrslu“ í 2. mgr. 68. gr. laganna kemur: umhverfismatsskýrslu. Stofnunin vill benda á að það væri æskilegra að fella kröfuna úr náttúruverndarlögum um skyldu til að leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda vegna umhverfismatsskýrslu. Í 15. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um skyldu þeirra sem bera ábyrgð á umhverfismati áætlunar að leita umsagnar viðeigandi umsagnaraðila um tillöguna. Því telur Umhverfisstofnun það óþarf að tiltaka sérstaklega í sérlögum svo sem náttúruverndarlögum um skyldu framangreinda aðila til að veita umsögn enda er mælt fyrir um umsagnarskyldu í matslöggjöfinni. Umhverfisstofnun telur skýrara að þetta sé eingöngu í umsagnarlögunum.

Umhverfisstofnun ítrekar athugasemd úr fyrri umsögn við notkun á stærð gólfflatar eða framkvæmdasvæðis sem stærðarviðmið framkvæmdarflokka. Til áréttингar telur stofnunin slík stærðarviðmið eiga við framkvæmdir þar sem meginhluti umhverfisáhrifa kemur fram á framkvæmdatíma s.s. verslunarmiðstöðvar og golfvelli. Stofnunin telur hins vegar stærð gólfflatar ekki gefa fullnægjandi vísbendingu um hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmda þar sem meginhluti umhverfisáhrifa er vegna reksturs starfseminnar einkum losunar mengunarefna í viðtaka líkt og á við um framleiðslu- og vinnslu málma, steinefnaiðnað, efnaiðnað, matvælaiðnað og textíl-, leður-, timbur- og pappírsiðnað. Í þeim tilfellum telur eðlilegra að miða við afkastagetu starfseminnar auk gólfflatar eða stærðar framkvæmdasvæðis.

Verði ákveðið að miða við stærð gólfflatar telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að í lögunum sé 'catch-all provision' (ákvæði sem grípur þær framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif en falla ekki innan stærðarviðmiða framkvæmdaflokka í viðauka 1, líkt og lagt er til á bls. 37 í leiðbeiningariti framkvæmdastjórnar ESB frá 2015¹ (sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins. Það mætti t.d. gera með því að bæta við orðalaginu „að jafnaði“ við viðmiðunarmörkin eða með grein sem gerir Skipulagsstofnun kleift að ákveða að taka framkvæmdir til umfjöllunar sem falla utan viðaukans.

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem innleiða tilskipun 2010/75/ESB, er viðmiðunargildin miðuð við framleiðslugetu eða afkastagetu enda eru umhverfisáhrifin ekki endilega í beinu samræmi við stærð gólfflatarins, svæðisins eða framkvæmdasvæðis. Þá má jafnframt benda á að í umsókn um starfsleyfi til mengandi starfsemi er ekki gerð krafa á að rekstraraðili skili inn upplýsingum um stærð gólfflatar, sjá 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit en reglugerðin innleiðir tilskipun 2010/75/EB. Þegar Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi er yfirleitt mælt fyrir um umfang í tonnum á ári starfseminnar en ekki gólfhlót starfseminnar.

¹ https://ec.europa.eu/environment/eia/pdf/EIA_guidance_Screening_final.pdf

Loks er bent á að í 1.09 lið í viðauka 1 er ranglega vísað í lið 1.09 en þar ætti að standa 1.08. Þannig ætti liðurinn að vera orðaður með eftirfarandi hætti: „Þauleldi á fiski, annað en það sem tilgreint er í tölul. 1.08, [...]" .

Með vísan til framangreinds tekur Umhverfisstofnun undir þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu en telur mikilvægt að breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en það verður samþykkt.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur